



Grein birt 31. desember 2010

Jóna G. Ingólfssdóttir

## Mikilvægi óhefðbundinna tjáskiptaleiða í skólastarfi

Tilfni greinarinnar er yfirstandandi innleiðing samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hér á landi. Samningurinn er mannréttindasamningur og í honum er lögð rík áhersla á að allir eigi þess kost að tjá sig. Þeir sem ekki geta talað á venjubundinn hátt þurfa að reiða sig á aðrar tjáningarleiðir og gegna *óhefðbundnar tjáskiptaleiðir* mikilvægu hlutverki í því sambandi. Í greininni er athyglinni beint að mikilvægi þess að *óhefðbundnar tjáskiptaleiðir* séu notaðar til tjáskipta frá unga aldri með börnum er þeirra þarfnast. Sérstaklega er fjallað um *Tákn með tali* tjáskiptaleiðina sem þróuð hefur verið og mikið notuð undanfarna áratugi. Sagt er frá könnun á notkun *Tákna með tali* í leikskólum hér á landi en niðurstöður hennar sýndu að sú tjáskiptaleið er notuð í a.m.k. 50% leikskóla á landinu. Notkunin er þó fremur einhæf sem samræmist niðurstöðum erlendra rannsókna um sama efni.

Höfundur er aðjúnkt við Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

### The importance of Augmentative and alternative communication within the school system

The motivation for this article is the adoption of the *United Nations convention on the rights of persons with disabilities* in Iceland. To be able to communicate is one of the cornerstones of human life. The paper highlights the role of the school system in implementing appropriate means in communicating for those who can not speak. A survey on the use of supported sign language in Icelandic preschools is described. The findings showed that supported sign language was used to some extent in about 50% of all preschools in the country. The findings also indicate that supported sign language is mainly used in structured situations, managed by adults which conforms international research findings on the same topic.

### Inngangur

Grein þessi er skrifuð í tilfni af innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007) hér á landi. Samningurinn er mannréttindasamningur sem felur meðal annars í sér að fatlað fólk eigi rétt á að tjá skoðanir sínar og að virðing sé borin fyrir rétti þeirra til ákvarðanatöku um eigið líf. Tjáskiptafærni er mikilvæg undirstaða þess að áður-nefnd réttindi fatlaðs fólks verði að veruleika. Fram kemur í íslenskri löggjöf um skólastarf að skólanum beri að leggja grunn að hæfni nemenda til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi

og því skuli efla tjáskiptafærni allra nemenda frá unga aldri, jafnt fatlaðra sem ófatlaðra. Til að svo megi verða þarf að að nota fjölbreyttar og oft óhefðbundnar tjáskiptaleiðir [1] í kennslu og samskiptum við nemendur sem standa misjafnlega að vígi í hefðbundinni notkun móðurmálsins. Sérstök áhersla er hér lögð á mikilvægi þess að óhefðbundnar tjáskiptaleiðir séu viðurkenndar og notaðar með fötluðum nemendum sem þeirra þarfnast eins og kveðið er á um í fyrrnefndum samningi. Litið er á það sem undirstöðu þess að þeir fái síðar notið þeirra mannréttinda að geta haft áhrif á líf sitt og aðstæður. Athyglinni er sérstaklega beint að leikskólanum og notkun tjáskiptaleiðarinnar *Tákn með tali*. [2] Kynntar eru niðurstöður könnunar sem gerð var á notkun *Tákna með tali* í leikskólum hér á landi og þær settar í samhengi við erlendar rannsóknir um hliðstætt efni.

## Tjáskipti og gildi þeirra

Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að æfa tjáskiptafærni sína frá unga aldri eigi þeir að verða færir um að tala eigin máli þegar fram líða stundir. Skapa þarf hvetjandi aðstæður í því skyni, gefa tjáskiptunum nægan tíma og nota óhefðbundnar tjáskiptaleiðir þegar við á (Beukelman og Mirenda, 2005). Til að þetta takist þarf bæði hugmyndaflug, kunnáttu og færni. Tjáskiptafærni er öllum nauðsynleg til að geta haft áhrif á eigið líf og umhverfi og hún er einnig mikilvæg þegar kemur að því að gæta réttar síns, tjá skoðanir, deila tilfinningum og eignast vini svo eitthvað sé nefnt. Þá opna tjáskipti dyrnar að læsi og frekara námi (Downing, 2005). Tjáskipti eru því nauðsynleg fyrir þá sem búa við talerfiðleika ekki síður en aðra og ekki má ganga út frá því sem vísu að þeir sem ekki geta talað hafi ekkert að segja.

Renner (2003) bendir á að í námskenningum sínum hafi Vygotsky beint athyglinni að mikilvægi félagslegra samskipta til uppbyggingar félagsfærni, þekkingar og skilnings. Til þess að þróun verði í félagsfærni þarf einstaklingurinn að hafa tækifæri til að æfa hana við fjölbreyttar aðstæður. Rannsóknir sýna að fatlaðir nemendur eyða mun meiri tíma í samskiptum við fullorðna starfsmenn skólans en aðrir nemendur (Soto og von Tetzchner, 2003). Með ofangreint í huga er mikilvægt að vekja athygli á hlutverki skólans í efningu tjáskipta- og málfærni nemenda sem fara ekki hefðbundnar leiðir í máltöku og málnotkun. Beukelman og Mirenda (2005) benda á mikilvægi þess að tjáskipti fatlaðra og ófatlaðra nemenda séu ekki einungis æfð við afmarkaðar aðstæður eða í kennslustundum þar sem kennarinn er í leiðandi hlutverki, heldur sé leitast við að tjáskiptin fari fram við allar hinar fjölbreyttu aðstæður skólustarfsins. Hafa þarf hugfast að í almennum skólum eru sjaldnast lengra komnir notendur óhefðbundinna tjáskiptaleiða sem yngri börn geta tekið sér til fyrirmyndar. Við þeirri staðreynd þarf að bregðast með því að nýta markvissar þau tjáskiptatækifæri sem skólaumhverfið býður upp á.

Ljóst er að það hefur margvísleg neikvæð áhrif að geta ekki tjáð sig á sama hátt og almennt gerist og hætta er á að það einangri þann sem í hlut á. Því er mikilvægt að kennarar á öllum skólastigum, ekki síst í leikskólum, leggi sig fram við að mæta þörfum þessa hóps fyrir óhefðbundnar tjáskiptaleiðir.

## Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Ísland er eitt þeirra fjölmörgu ríkja sem skrifuðu undir og skuldbundu sig þar með til að innleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007). Í samningnum kemur víða fram að aðlögun, í víðtækum skilningi þess orðs, sé mikilvæg til að fatlað fólk fái notið þeirra mannréttinda sem því ber. Í 3. mgr. 24.gr. er kveðið á um að setja þurfi ákvæði um blindraletur, táknmál og óhefðbundnar tjáskiptaleiðir inn í lög um réttindi fatlaðs fólks og í 4. mgr. sömu greinar er talað um að athuga þurfi hvort námskrá kennaranáms og skólalíðanáms taki mið af kröfum samningsins. Í markmiðsgrein samningsins segir: „Markmiðið með samningi þessum er að stuðla að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra, jafnframt því að vernda og tryggja

slík réttindi og frelsi, og að auka virðingu fyrir meðfæddri göfgi þess“. Öllum má ljóst vera að til að geta notið umsaminna „mannréttinda og mannfrelsis“ þarf fólk að geta tjáð sig. Það þarf að eiga rödd sem skilst og tekið er mark á. Lohrman, Browder og Brown (2000) benda á að tjáskiptafærni og geta til að hafa áhrif á eigið umhverfi séu hverri manneskju nauðsynleg. Sú færni kemur ekki af sjálfu sér og verður ekki tiltæk án undangenginnar þjálfunar við fjölbreyttar aðstæður. Ef fólk á að geta nýtt sér þau sjálfsögðu mannréttindi að hafa eitthvað um eigið líf að segja þarf að æfa þá færni í eðlilegu samhengi frá barn-æsku. Málnotkun og tjáskiptafærni þróast allt lífið og sífellt fleiri rannsóknir styðja þá skoðun að nota þurfi *óhefðbundnar tjáskiptaleiðir* við almennar kennsluáðstæður í barna- hópnum. Það er nauðsynlegt til að nemendur sem þeirra þarfnast fái sem mesta kennslu og þjálfun í notkun sinnar tjáskiptaleiðar við eðlilegar aðstæður meðal jafnaldra en ekki eingöngu í aðgreindum aðstæðum í samskiptum við fullorðinn einstakling (Hunt, Soto, Maier og Müller, 2002).

## Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir

Til að auka líkur á að þeir sem ekki fara hefðbundnar leiðir í máltöku og málnotkun njóti þeirra mannréttinda sem hér eru til umræðu, er mikilvægt að viðkomandi fái kennslu í notkun þeirrar tjáskiptaleiðar sem kunnáttufólk telur líklegasta til hámarksárangurs fyrir viðkomandi einstakling. *Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir* er samheiti yfir þær tjáskiptaleiðir sem þróaðar hafa verið á síðustu 50 árum fyrir þá sem af einhverjum ástæðum eiga í erfiðleikum með tal og er þeim ýmist ætlað að styðja við- eða koma í staðinn fyrir talmál (Hourcade, Pilotte, West og Parette, 2004). Þessar aðferðir eru ólíkar að formi og notkun og þróaðar með tilliti til ólíkra þarfa mismunandi notendahópa. Sumir notendur geta beitt líkamanum og gert tákni með handahreyfingum eins og gert er þegar *Tákn með tali* er notað en við notkun annarra svo sem Blisstáknmálsins er bent á táknið á þar til gerðri tjáskiptatöflu. Bendaðferðirnar geta verið margvíslegar allt frá því að benda með fingri til flókinna tæknilegra bendaðferða. Þá eru til ýmiss konar tæknileg hjálpartæki svo sem talvélar sem segja orð eða setningar samkvæmt fyrirskipunum notandans.

## Tákn með tali og notkun þess í leikskólum landsins

*Tákn með tali* tjáskiptaleiðin er alþjóðlega viðurkennd tjáskiptaleið fyrir fólk sem heyrir en á erfitt með talmál. Þessi tjáskiptaleið hefur verið þróuð af sérkennurum og talmeinafræðingum um þrjátíu ára skeið (Eyrún Gísladóttir, 2001). *Tákn með tali* nýtist þannig fjölbreyttum hópi fólks og algengt er að það sé notað með börnum með þroskahömlun. *Tákn með tali* byggist á því að tákni eru notuð samhliða tali eins og nafnið gefur til kynna. Táknin eru að mestu fengin út táknmáli viðkomandi lands en einnig er markviss notkun bendinga og látbragðs mikilvæg. Einungis lykilorð hvorrar setningar eru táknuð og lúta táknið engum málfræðireglum. Þau eru því nokkurs konar myndrænn stuðningur við það sem sagt er.

Könnun sem gerð var á notkun *Tákna með tali* í íslenskum leikskólum af Jónu G. Ingólfsdóttur og Sigrúnu Grendal Magnúsdóttur árið 2007 gefur gott yfirlit um útbreiðslu, notkun og þekkingu á *Táknum með tali* innan leikskólans hér á landi. Spurningalisti var sendur rafrænt til allra leikskóla landsins. Svör bárust frá 123 leikskólum og var svarhlutfall 49%. Svörun var jöfn frá leikskólum á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

Í niðurstöðunum kemur fram að allir leikskólarnir sem svör bárust frá segjast nota *Tákn með tali* eða 123 leikskólar. Meirihluti svarenda (63%) sagðist nota *Tákn með tali* almennt með börnunum í málörvunarskyni og 45% sögðust nota *Tákn með tali* vegna skilgreindra þarfa ákveðinna barna. Þau atriði sem svarendur nefndu sem helstu kosti *Tákna með tali* voru að þeim þótti það vera gott málörvunartæki, börnunum þætti það skemmtilegt og það félli vel að þörfum barna af erlendum uppruna. Þekkingarskortur var álitinn helsta hindrunin í notkun *Tákna með tali* í leikskólastarfinu ásamt óstöðugleika í starfsmannahaldi. Þá

var algengt að það væri nefnt sem hindrun að ábyrgðin á notkun *Tákna með tali* væri á herðum fárra í leikskólanum. Fram kom hjá 42% svarenda að *Tákn með tali* væri notað í sérstökum kennslu- eða þjálfunarstundum og 44% sögðu að *Tákn með tali* væri notað í skipulögðum athöfnum leikskólastarfsins. Þegar spurt var nánar um hvaða athafnir þetta væru kom í ljós að aðallega var átt við söngstund og matmálstíma.

Þessi notkun *Tákna með tali* samræmist niðurstöðum Luttrupp og Granlund (2010) um að *Tákn með tali* sé helst notað við skipulagðar aðstæður í leikskólanum sem stjórnað er af fullorðnum eða í samskiptum barnsins við einstaka kennara. Fram kemur í mörgum rannsóknnum, þar á meðal rannsókn Eriksson (2006) að frjáls samskipti barna séu mikilvæg til eflingar félagsfærni og því þurfi að gefa þessum þætti sérstakan gaum þegar um börn með þroskahömlun er að ræða. Luttrupp og Granlund (2010) benda ennfremur á að samskipti barna séu háð ýmsum þáttum svo sem aðstæðum, verkefnum og persónulegum eiginleikum. Þau leggja áherslu á að leikskólakennarar skapi aðstæður fyrir fatlaða nemendur með því að nota *Tákn með tali* þegar við á, styðji þátttöku þeirra í leik með ófötluðum börnum og hvetji jafnframt til fjölbreyttra leikja sem gefa öllum kost á þátttöku.

## Nám án aðgreiningar/nám án mismununar

Samkvæmt íslenskum lögum er leikskólinn fyrsta skólastigið hér á landi og er hann opinn öllum börnum undir skólaskyldualdri. Gengið er út frá því að fötluð börn séu í almennum leikskólum og hvorki gert ráð fyrir sérdeildum né sérskólum á því skólastigi. Almennt er álitnið að vel hafi tekist til um þessa tilhögun og er þess sérstaklega getið í álitni ráðherra-skipaðrar nefndar sem fékk það hlutverk að móta tillögur að fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hér á landi (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2010). Leikskólanum ber samkvæmt lögum sem um hann gilda að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi, jafnframt því að rækta hæfileika þeirra til tjáningar og sköpunar m.a. til aukinnar hæfni í mannlegum samskiptum (Lög um leikskóla nr. 90/2008).

Þjónustukannanir sem Leikskólar Reykjavíkur gera reglulega sýna að flestir foreldrar eru ánægðir með leikskóla barna sinna (Reykjavíkurborg Leikskólasvið, 2009). Leikskólinn hefur jafnframt verið álitinn standa sig vel við útfærslu hugmyndafræðinnar um skóla án aðgreiningar og gert er ráð fyrir að fötluð börn séu í barnahópnum. Þetta má meðal annars merkja af því sem fram kemur í Sérkennslustefnu Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar (2009) þar sem segir að börn í Reykjavík „með skilgreindar fatlanir“ eigi forgang að leikskólum borgarinnar. Jafnframt er talað er um að börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eigi rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Þrátt fyrir þessa jákvæðu afstöðu leikskólayfirvalda og almenna ánægju foreldra og annarra með leikskólann er margt óljóst um hvert raunverulegt hlutverk leikskólans er gagnvart fötluðum börnum og í hverju þessi „góði árangur“ felst. Hvergi er lýst beinum orðum í lögum eða reglugerðum um leikskólastarf hvað átt er við með orðalaginu „sérstök aðstoð“ og hvað það þýðir t.d. varðandi hinn mikilvæga þátt skólastarfsins sem snýr að móðurmálinu, þróun þess og fjölbættri notkun þar með notkun *óhefðbundinna tjáskiptaleiða*.

Í 24. grein áður nefnds samnings Sameinuðu þjóðanna er fjallað um menntun fatlaðs fólks. Þar er kveðið á um að aðildarríkin skuli gera fötluðu fólki kleift að öðlast hagnýta og félagslega færni sem stuðlar að fullri þátttöku þess til jafns við aðra í skólastarfi og sem þjóðfélagsþegnar. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni svo sem að auðvelda fötluðu fólki sem þess þarfnast að læra *óhefðbundnar tjáskiptaleiðir*. Í 4. lið þessarar sömu greinar er talað um að aðildarríkin skuli gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fyrrnefnd réttindi verði að veruleika. Í því felst m.a. að ráða kennara, þ.m.t. fatlaða kennara og að þjálfa bæði fagmenn og starfsmenn sem starfa á öllum sviðum

menntakerfisins. Þjálfunin skal meðal annars fela í sér vitund um fötlun og notkun *óhefðbundinna tjáskiptaleiða*, auk kennslutækni og kennsluefnis sem er ætlað að styðja fatlaða nemendur. Þarna er augljóslega verið að leggja mikla ábyrgð á herðar kennara og þeirra stofnana sem mennta kennara og aðrar fagstéttir til starfa innan skólakerfisins.

## Niðurlag

Notkun móðurmálsins þjálfast frá unga aldri og gegna tjáskipti mikilvægu hlutverki alla ævi. Mikilvægt er því að skólinn geri ráð fyrir *óhefðbundnum tjáskiptaleiðum* þegar kemur að því að veita fötluðum nemendum kennslu við hæfi eins og lög kveða á um. Gert er ráð fyrir að skólinn leggi áherslu á að búa alla nemendur undir þátttöku í Lýðræðisþjóðfélagi. Nýr *samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* sem Ísland er aðili að kveður á um að fatlað fólk skuli njóta mannréttinda á við aðra þjóðfélagsþegna og er tjáskiptafærni ein af undirstöðum þess að svo geti orðið. Þar sem leikskólinn gegnir mikilvægu hlutverki í eflingu málproska og málnotkunar ungra barna þarf að huga sérstaklega að málörvun og kennslu fatlaðra barna sem notast þurfa við *óhefðbundnar tjáskiptaleiðir* og efla notkun þeirra í félagslegum samskiptum við fjölbreyttar aðstæður daglegs lífs.

### Aftanmálgreinar

1. *Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir* er hér notað yfir það sem á ensku er kallað *Augmentative and alternative communication (AAC)*.
2. *Tákn með tali* er þýðing á danska heitinu *Tegn til tale*. Á ensku er *Tákn með tali* kallað ýmsum nöfnum s.s. *Supported sign language* eða *Key word signing*.

## Heimildir

Beukelman, D. og Mirinda P. (2005). *Augmentative and alternative communication: Supporting children and adults with complex communication needs* (3. útgáfa). Baltimore: Paul H. Brookes Publishing Co.

Daniels, M. (2001). *Dancing with words: Signing for hearing children's literacy*. New York: Greenwood Publishing Group, Inc.

Downing J. E. (2005) *Teaching communication skills to students with severe disabilities* (2. útgáfa). Baltimore: Paul H. Brookes Publishing Co.

Eriksson, L. (2006). *Participation and disability – A study of participation in school for children and youths with disabilities*. Stockholm: Karolinska institutet, Universitetsservice AB.

Eyrún Gísladóttir. (2001). Tákn með tali í víðara samhengi. *Talfræðingurinn*, 15 (1), 54–60.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2010). *Tillögur nefndar um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*. (janúar 2010). Sótt 4. janúar 2011 af <http://www.velferdarraduneyti.is/utgefid-efni/utgafa/nr/4910>

Hourcade, J., Pilotte, T. E., West, E. og Parette, P. (2004). A history of augmentative and alternative communication for individuals with severe and profound disabilities. *Focus on autism and other developmental disabilities*, 19, 235–244.

Hunt, P., Soto, G., Maier, J., Müller, E., og Goetz, L. (2002). Collaborative teaming to support students with AAC needs in general education classrooms. *Augmentative and alternative communication*, 18, 20–35.

Lohrman-O'Rourke, S., Browder, D. M. og Brown, F. (2000). Guidelines for conducting socially valid systematic preference assessments. *Journal of the association for persons with severe handicaps*, 25, 42–53.

Luttrupp, A. og Granlund, M. (2010). Interaction – it depends – a comparative study of interaction in preschools between children with intellectual disability and children with typical development. *Scandinavian journal of disability research*, 12, 151–164.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Renner, G. (2003). The development of communication with alternative means from Vygotsky's cultural-historic perspective. Í S. von Tetzchner og N. Grove (ritstjórar), *Augmentative and alternative communication; developmental issues* (bls. 67–82). London: Whurr Publishers.

Reykjavíkurborg, Leikskólasvið. (2009). Viðhorf foreldra til leikskólastarfs í Reykjavík, Heildarskýrsla. Sótt 4. janúar 2011 af [http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/-leikskolasvid/Heildarsk\\_rsla\\_080609.pdf](http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/-leikskolasvid/Heildarsk_rsla_080609.pdf)

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. (2007). Sótt 4. janúar 2011 af <http://www.velferdarraduneyti.is/utgefing/efni/utgafa/nr/3496>

Sérkennslustefna Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar. (2009). Sótt 4. janúar 2011 af [http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/leikskolasvid/Serkennslustefna\\_-\\_lokaeintak.pdf](http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/leikskolasvid/Serkennslustefna_-_lokaeintak.pdf)

Soto, G. og von Tetzchner S. (2003). Supporting the development of alternative communication through culturally significant activities in shared educational settings. Í S. von Tetzchner og N. Grove (ritstjórar), *Augmentative and alternative communication; developmental issues* (bls. 287–299). London: Whurr Publishers.



Jóna G. Ingólfssdóttir. (2010). Mikilvægi óhefðbundinna tjáskiptaleiða í skólastarfi. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/018.pdf>